

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2019
UST201904-071/G.R.G.
04.02

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á efnalögum, 759. mál.

Vísad er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 3. apríl 2019 þar sem Umhverfisstofnun var sent frumvarp til laga um breytingu á efnalögum (breytt hugtakanotkun, einföldun á framkvæmd, EES-reglur um kvíkasilfur), til umsagnar.

Frumvarpið var að miklu leyti unnið á grundvelli tillagna Umhverfisstofnunar og hafa sérfræðingar stofnunarinnar í teymi efnamála unnið með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að frumvarpinu. Umhverfisstofnun telur frumvarpið til mikilla bóta fyrir málaflokkinn og til þess fallið að gera framkvæmd laganna skýrari. Umhverfisstofnun gerir fáar efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins, en sérfræðingar teymis efnamála hafa farið ítarlega yfir frumvarpið og gert eftirfarandi athugasemdir.

1. Í d. lið 2. gr. frumvarpsins sem breytir skilgreiningu hugtaksins útrýmingarefni í 41. tölul. 3. gr. efnalaga vantar inn orðið „öðrum“ á undan síðasta orði málsgreinarinnar. Skilgreiningin ætti að vera svohljóðandi: *Útrýmingarefni: Nagdýraeitur, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum.*
2. Umhverfisstofnun leggur til að hætt verði við að fella 11. tölul. 5. gr. efnalaga brott, sbr. c. liður 3. gr. frumvarpsins og að í stað þess verði orðalagi ákvæðisins breytt í samhengi við breytta hugtakanotkun. Breytingin tengdist tilteknum breytingartillögum á 24. gr. efnalaga, sbr. 12. gr. frumvarpsins, sem tóku breytingum í samráðsferli. Þannig leggur Umhverfisstofnun til að c. liður 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: Í stað orðanna „tiltekinna varnarefna“ í 11. tölul. kemur: notendaleyfisskyldra vara.
3. Í j. lið 7. gr. frumvarpsins hefur gleymst að taka tillit til þeirrar tillögu að fella 45. og 46. gr. efnalaga brott og sameina ákvæðin 24. gr. laganna. Lagfæra þarf ákvæðið þannig að ekki verði vísað til brottfallinna ákvæða í reglugerðarheimildinni. Umhverfisstofnun leggur til að ekki verði vísað til tiltekinna ákvæða þannig að 12. tölul. 11. gr. efnalaga verði svohljóðandi: Ákvæði um kaup og viðtöku eiturefna og notendaleyfisskyldra vara.
4. Í 12. gr. frumvarpsins sem breytir 24. gr. efnalaga vantar orðið „og“ í fyrirsögn ákvæðisins sem ætti að vera eftirfarandi: Markaðssetning eiturefna og notendaleyfisskyldra vara. Ekki verður betur séð en að orðið hafi einfaldlega gleymst.
5. Umhverfisstofnun leggur til að reglugerðarheimild í lokamálslið 5. mgr. 12. frumvarpsins verði útfærð nánar þannig að einnig verði heimilt að kveða á um undanþágur frá skilyrðum um að tilnefna skuli ábyrgðaraðila í reglugerð. Lagt er til að lokamálsliður 5. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr. nánari ákvæði um framsetningu eiturefna á

útsölustöðum og undanþágur frá skilyrðum um að tilnefna skuli ábyrgðaraðila og að eiturefnum sé komið þannig fyrir að þau séu ekki aðgengileg viðskiptavinum.

6. Í b. lið 16. gr. frumvarpsins er orðinu „varnarefna“ í 3. málsl. 1. mgr. 35. gr. efnalaga skipt út en þar ætti réttilega að standa „varnarefni“, sbr. 3. málsl. 1. mg. 35. gr. efnalaga.
7. Í d. lið 16. gr. frumvarpsins er hugtakið vefsíða notað en í öðrum ákvæðum efnalaganna er ýmist talað um vef eða vefsetur, sbr. t.d. 13. gr. frumvarpsins. Umhverfistofnun telur að samræma ætti hugtakanotkunina og nota orðið „vef“ eða að öðrum kosti „vefsetri“.
8. Að lokum leggur Umhverfisstofnun til að í c. lið 24. gr. frumvarpsins verði orðinu „efnanna“, sem lagt er til að verði í 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. efnalaga, verði skipt út fyrir orðið „varanna“. Þar sem að bæði útrymingarefni, sem einn flokkur sæfivara og plöntuverndarvörur falla undir það að vera vörur sem þurfa markaðsleyfi er eðlilegra að hér standi „varanna“ en ekki „efnanna“.



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri